Nd. **319. Nefndarálit**

um frv. til l. um byggingarsjóð sveitanna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir haft þetta mál til athugunar og orðið ásátt um að gera á því víðtækar breytingar. Ganga þær út á það í fyrsta lagi að steypa saman við frv. öðrum lögum og frumvörpum, sem snerta byggingar í sveitum, þannig, að ein heildarlöggjöf verði um endurbyggingu sveitabæja og byggingu nýbýla og samvinnubyggða.

1. kafli er um byggingarsjóð, og er gert ráð fyrir að breyta nokkuð ákvæðum frv. um það efni. Hefir ekki tekizt samkomulag um verðbréfasölu fyrir sjóðinn á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, en nefndin leggur til, að um fyrirkomulag bréfasölunnar sé ákveðið með reglugerð, og er þá hægt án lagabreytingar að haga því svo sem henta þykir.

Framlag til sjóðsins frá ríkissjóði er lækkað um 50 þús. kr. frá því, sem er í frv. og nú í lögum, en aftur gert ráð fyrir að hækka byggingarstyrk um 25 þús. frá því, sem frv. gerir ráð fyrir. Framlag ríkisins í heild er því ráðgert 25 þús. kr. lægra en í frumvarpinu.

2. kafli er um byggingarstyrki og ákvæðunum um framkvæmd þess atriðis nokkuð breytt frá því, sem er í frv. En ætlazt er til, að á næstu 10 árum verði árlega varið til þessa 125 þús. kr.

3. kafli er um nýbýli og samvinnubyggðir og lögin um það efni og breytingar á þeim tekið upp í frv. að mestu óbreytt.

4. kafli er um teiknistofu og þar með afgreitt frv. um það efni frá tveimur nefndarmönnum á þskj. 42.

5. kafli er um viðhaldsskyldu, söluskilyrði o. fl. og þar dregin saman í eitt þau ákvæði um þetta efni, sem eru í frv. sjálfu, nýbýlalögunum og lögum frá síðasta þingi um endurbyggingu sveitabæja.

Loks gerir nefndin að tillögu sinni, að sá sjóður, sem með þetta hefir að gera, heiti byggingar- og landnámssjóður áfram og verði deild í Búnaðarbanka Íslands.

Nefndin telur eðlilegast, að öll ákvæði, sem fjalla um byggingar í sveitum, séu í einum og sömu lögum, þar sem öll þau mál eru svo nátengd, að ætla má, að bezt samræmi verði í öllum ráðstöfunum, sem gerðar eru á því sviði, ef ein yfirstjórn hefir þær með höndum.

Nefndarmenn eru ekki að fullu sammála um fyrirkomulag á stjórn þessara mála, en hafa orðið ásáttir um að láta þann ágreining liggja milli hluta, og leggja því til, að um það gildi nálega sömu ákvæði og verið hefir.

Tveir nefndarmenn (EmJ og StgrSt) áskilja sér rétt til að fylgja frekari breytingartillögum, ef fram koma.

Alþingi, 10. des. 1937.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. síðari hl.	Jón Pálmason, frsm. fyrri hl.	Steingr. Steinþórsson, fundaskr.
Emil Jónsson.	Pétur Ottesen.	